

Iðnaðarráðuneytið,
Arnarhvoli,
150 Reykjavík.

27. júlí 2012

B.t. Erlu Sigríðar Gestsdóttur

Vegna bréfs ráðuneytisins dags. 23. mars 2012, um stefnumótun er varðar lagningu raflína í jörð, langar undirritaða að koma eftirfarandi atriðum á framfæri.

Áform eru um að leggja öfluga háspennulínu á háum möstrum þvert yfir Eyjafjörð, nokkuð sunnan Akureyrarflugvallar og þar með þvert á aðflugsgesla úr suðri að flugvellinum, þ.e. aðflugshallageislann (Glideslope) og miðlínugeislann (Localizer) að flugbrautinni.

Í ljósi fyrri starfa okkar og áratuga reynslu við flugstarfsemi og flugöryggismál, teljum við okkur hafa nokkuð góða þekkingu á gildi fyrirbyggjandi atriða og við þekkjum þau atvik sem orðið hafa í flugi hérlendis s.l. áratugi.

Við teljum okkur einnig þekkja allvel ýmsa áhættuþætti er varða áhrif háspennubúnaðar á aðflug og tilheyrandi búnað flugvalla og flugvéla og minnumst tiltekinn atvika sem hafa orðið í flugi hérlendis.

Á Íslandi hafa því miður orðið nokkur alvarleg slys á liðnum áratugum, þegar loftförum í aðflugi að flugvöllum var flogið á raflínur. Þá hafa einnig á þessum árum orðið allmörg tilvik, þar sem mjög nærri lá flugslysi af sömu ástæðum.

Geta verður þess einnig, að mis alvarleg atvik, þar á meðal dauðaslys, hafa einnig orðið í flugi á þessum tíma, þar sem grunur lék á um að rafsegultruflanir frá háspennumannvirkjum hafi verið orsakabáttur, þótt ekki hafi á sínum tíma tekist að sanna það.

Okkur líst þunglega á að verið sé að reisa þessa fyrirhuguðu háspennulínu, þvert á aðflugsstefnu Akureyrarflugvallar, sem hefur nútíma aðflugsbúnað fyrir blindaflug úr suðri og er og verður einn aðalflugvöllur landsins og varaflugvöllur millilandaflugsins. Of seint er að iðrast eftir að slys hefur orðið, sem tengja mætti þessari umræddu línulögn.

Við teljum okkur einnig vera allvel upplýsta um nýja möguleika og tækniframfarir sem orðið hafa á síðustu misserum í flutningi raforku með jarðstrengjum.

Í því ljósi teljum við það óhæfu, að reist verði ný háspennulína sem hér hefur verið fjallað um, í aðflugi og á lokastefnu brautar 01 á Akureyrarflugvelli, til viðbótar þeim varasömu línum sem fyrir eru. Það eykur þá hættu sem þegar er til staðar, og skerðir tvímælaust flugöryggi.

Virðingarfyllt,

Arngrímur Jóhannsson
fyrirverandi flugstjóri.

Skúli Jón Sigurðarson
fyrirv. form. Rannsóknarnefndar flugslysa

Afrit:

Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri Akureyrar.

Jónas Vigfússon, sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar.

Haukur Hauksson, framkvæmdastjóri flugvalla og mannvirkjasviðs Isavia ohf. Reykjavík.

Sigurður Hermannsson, umdæmisstjóri Isavia ohf. Akureyri.

Steinþór Páll Ólafsson, formaður Öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

Hilmar Baldursson, flugrekstrarstjóri Icelandair.

Einar Björnsson, flugrekstrarstjóri Flugfélags Íslands.

Sindri Steingrímsson flugrekstrarstjóri Landhelgisgæslunnar.

Steindór Jónsson, flugrekstrarstjóri Norlandair.

Leifur Hallgrímsson, flugrekstrarstjóri Mýflugs.

